

Lestur fjölbreyttra texta er lykilatriði í því að auka við orðaforða sinn. Þegar þið eflið orðaforða ykkar markvisst er mikilvægt að vera meðvituð um ný orð sem þið lærið og einnig verðið þið að vera meðvituð um hvernig þekking ykkar á „gömlum“ orðum eykst og dýpkar stöðugt.

Hér að neðan er brot úr *Sjálfstæðu fólki*. Búið er að feitletra sum orðin . Vertu viss um að þú skiljir þau öll. Þú mátt nota símann þinn til að fletta upp í veforðabók á snara.is eða málið.is

Lestu eftirfarandi texta úr 2. kafla í *Sjálfstæðu fólki* eftir Halldór Laxness; Jörðin

Á lágum hól í mýrinni standa gamlar **húsatættur**.

Eftilvill er hóll þessi ekki nema í sérstökum skilnínghi verk náttúrunnar, eftilvill verk laungu liðinna bænda sem bygðu hér bæ sinn á **balanum** við lækinn, kynslóð frammaf kynslóð, einn á annars rústum. En nú hefur verið hér **stekkur** á annað hundrað ár, hér hefur lambfé jarmað í meiren hundrað vor. En úti frá **stekkjarrhólnum**, einkum til suðurs, breiðast **víðlendar** mýrar með einstaka **lýnghólum**, og gegnum Rauðsmýrarhálsinn fellur lítil á niður mýrina, og önnur úr vatninu til austurs um dali heiðarinnar ið eystra. Norðan **stekkjarrhólsins** gnæfir bratt fjall með **skriðum** uppeftir hlíðinni og **lýngvöxnum geirum** milli **skriðnanna**, en **hamragarðarnir** rísa gneypir upp af **skriðunum**, og á einum stað undan **stekknunum** er fjallið klofið, þar er **gil** í blágrýtið, og ofanum **gilið** steypist foss á vorin, lánur og mjór. Og stundum stendur sunnanvindur í fossinn og feykir úðanum uppyfir **fjallsbrúnina**. Þá rennur fossinn uppámóti. En undir fjallinu eru klettur á víð og dreif. Þetta **stekkjartún**, þar sem fyr stóð bærinn Albogastaðir í Heiði, hefur undanfarna mannsaldra verið nefnt Veturhús.

Það rennur lítill lækur niðurmeð **stekkjartúninu**, hann rennur í hálfhring um túnið **tær** og kaldur og þrýtur aldrei, en á sumrin leika sólargeislarnir í kátum straumi hans, og kindin liggur jórtrandi á bakkanum og teygir annan framfótinn útá grasið. Þá er

himinninn blár. Þá blikar fagurt á álftavatnið og silúngsána lygnu í mýrinni. Þá sýngur glatt í mó og mýri.

Dalurinn er á alla vegu umkríngdur **háls**um og **heið**um. Að vestanverðu er stuttur **háls**, og næsti bærinn fyrir handan er Útirauðsmýri, Rauðsmýri, Mýri, höfuðból hreppstjórans, þessi **heiðardalur** hefur hingaðtil legið undir hann. Þar fremra taka við breiðar bygðir. Austur**heiðin** er talin fimm tíma **lestagangur** milli bygða, þar er kaupstaðarleiðin niðrá fjörður. Í suðri rísa uppfrá dalnum lágur öldóttar **heiðar** sem fara hækkandi uns Bláfjöll byrgja þar sjónhrínginn, það er einsog fjöllin vaxi þar inní himininn í **upplitningu**, og tekur sjaldan upp í þeim snjó fyrir jónsmessu. Og hvað er handan við Bláfjöll? Þar eru öræfi landsins.

Og vorvindarnir blása um dalinn.

Og þegar vorvindarnir blása um dalinn; þegar vorsólin skín á hvíta sinuna á árbakkanum; og á vatnið; og á tvo hvíta svani vatnsins; og laðar vornálina frammúr **keldum** og **veitum**, — hver skyldi þá trúá því að þessi grösugi friðsæli dalur búi yfir sögu vorrar fyrri ævi; og yfir **forynjum** hennar? Menn ríða meðfram ánni, þar sem hestar liðinna tíða hafa gert sér götur hlið við hlið á breiðu svæði öld frammaf öld, — og ferskur vorblærinn stendur gegnum dalinn í sólskininu. Á slíkum dögum er sólin sterkari en fortíðin.

[Halldór Laxness: *Sjálfstætt fólk*, 3. útgáfa, Reykjavík 1961, bls. 12-13.]

Notaðu eftirfarandi kvarða til að meta þekkingu þína á hverju orði fyrir sig.

- 0 Ég þekki orðið ekki
- 1 Ég hef séð orðið áður en er ekki viss um merkingu þess
- 2 Ég skil orðið þegar ég sé það eða heyri í setningu en ég kann ekki að nota það sjálf/sjálfur í tali eða riti
- 3 Ég skil og kann að nota orðið þegar ég tala eða skrifa

--

<input type="checkbox"/> bali	<input type="checkbox"/> hálsar	<input type="checkbox"/> skriða (no)
<input type="checkbox"/> fjallsbrún	<input type="checkbox"/> heiðar (no)	<input type="checkbox"/> stekkur (no)
<input type="checkbox"/> forynja	<input type="checkbox"/> húsatættur (no)	<input type="checkbox"/> tær (lo)
<input type="checkbox"/> geiri	<input type="checkbox"/> kelda	<input type="checkbox"/> upplitning
<input type="checkbox"/> gil	<input type="checkbox"/> lestangur	<input type="checkbox"/> veita (no)
<input type="checkbox"/> hamragarðar	<input type="checkbox"/> lynghólmi	<input type="checkbox"/> víðlendur (lo)

Samtals stig: _____

Verkefni

- 1) Finndu orð í textanum sem tákna með einum eða öðrum hætti hvar eitthvað er eða hvernig það stendur í afstöðu við annað. Þetta eru nokkurs konar staðsetningarorð. Þetta eru oft forsetningarliðir (til suðurs) eða einhverskonar atviksorð (fyrir handan). Stundum eru þetta fremur föst orðasambönd, það er fleiri en eitt orð sem eiga saman. Skoðaðu vandlega hvað stendur saman og hvernig orðin eru notuð. Þú skalt strika yfir þessi orð með áherslupenna svo þau hrópi á þig! Þetta eru mörg orð ☺
- 2) Hvaða orð myndir þú nota í tali þínu til að lýsa þessum staðsetningum? Eru það jafn nákvæm orð og Halldór notar? Er hægt að tala um samheiti í þessu sambandi?
- 3) Nú átt þú að draga hring utan um allar sagnir sem Halldór notar til að lýsa náttúrunni. Þær eru margar mjög flottar. Bættu þeim sem þér þykja flottastar við orðasafnið þitt, veldu að minnsta kosti fimm sagnir!
- 4) Skrifaðu laxnesíska umhverfislýsingu. Veldu þér umhverfi/stað sem þú þekkir vel og leyfðu Laxnesandanum að koma yfir þig.